



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Vesturlands
Hafnargata 3 340
Stykkishólmur (354) 570 13
12 (354) 895 18 80
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Dalabyggð
Þórður Már Sigfússon
skipulagsfulltrúi
Miðbraut 11
370 Búðardalur

17. apríl 2020

MÍ201903-0115/ 6.10 / M.A.S.

Efni: Skógrækt á 148 hektara svæði í landi Stóra-Langadals, Skógarströnd

Með tölvubréfi dagsettu 16. apríl 2020 óskaði Þórður Már Sigfússon, skipulagsfulltrúi Dalabyggðar, eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um tilvonandi 148 ha. skógrækt í landi Stóra-Langadals, Skógarströnd. Engin fornleifaskráning fór fram við aðalskipulagsgerð Dalabyggðar, svo svæðið sem fer undir tilvonandi skógrækt hefur ekki verið skráð!

Í 16. grein, laga um menningarminjar nr. 80/2012, segir:

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

Gerð er krafa um að minjarnar séu mældar upp á vettvangi og þær hnitsettar í ISN93. Vettvangsvinnan felur einnig í sér að fornleifafræðingur kanni umrætt svæði og gangi úr skugga um hvort fleiri minjar séu að finna en þær sem getið er um í rituðum gögnum. Fyrir skráningarmann er þá nauðsynlegt að vera í sambandi við staðkunnuga.

Mjög líklegt er að minjar skaðist við skógrækt. Þar af leiðandi gerir Minjastofnun Íslands athugasemdir við að framkvæmdaleyfi verði veitt fyrir en fullnægjandi fornleifaskráning hafi farið fram!

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllt,

Magnús A Sigurðsson
Minjavörður Vesturland

Afrit sent: Skipulagsstofnun

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.